

## 86. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðs-skóla eða annars staðar, til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagna-gerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teikni- stofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

25

21. febr.

## 87. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leið- beiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

## 88. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teikni- stofunnar samkv. erindisbréfi, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum bankastjórnar Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar. Forstöðumaður ræður sér mann til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

## 89. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbýgginga í sveitum, sbr. 45. gr. laga nr. 35/1946. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til bygginganna.

## 90. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1950.*

**Jón Pálmason.**

*Arni G. Eylands.*

## REIKNINGUR

26

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1949.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 3007.46	
		kr. 5007.46
2. Vextir:		
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 100.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 125.85	
		— 225.85
		<b>Kr. 5233.31</b>

26

## Gjöld:

Eign í árslok:		
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 3233.31	
		kr. 5233.31
		<hr/>
		Kr. 5233.31

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1950.

Sigurgeir Sigurðsson.

27

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands 1949.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun .....	kr. 1643991.25
2. Innlög á árinu .....	— 170885.23
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum .....	kr. 18062.69
b. — skuldabréfum .....	— 42475.50
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 6935.91
	<hr/>
4. Endurgreitt af lánum .....	— 67474.10
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	— 25850.93
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4 .....	— 110000.00
	— 51310.93
	<hr/>
	Kr. 2069512.44

## Gjöld:

1. Úttekið af innstæðum .....	kr. 202976.21
2. Lán veitt á árinu .....	— 110000.00
3. Kostnaður .....	— 6427.00
4. Vaxtaafgangur .....	— 51310.93
5. Til jafnaðar við tekjulið 4 .....	— 25850.93
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna .....	kr. 474689.95
b. Í verðbréfum .....	— 876250.00
c. Í Landsbanka Íslands .....	— 322007.42
	<hr/>
	— 1672947.37
	<hr/>
	Kr. 2069512.44

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 16. janúar 1950.

Sigurgeir Sigurðsson.